

REGLUGERÐ

um vegabréf á Keflavíkurflugvelli.

1. gr.

Öllum mönnum 12 ára og eldri er óheimil umferð eða dvöl á svæði Keflavíkurflugvallar, nema þeir beri gild vegabréf, er lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli gefur út. Börn innan 12 ára aldurs mega því aðeins fara inn á eða um svæðið, að þau séu í fylgd með fullorðnum.

Þó skulu þeir, er teljast til „liðs Bandaríkjanna“ samkvæmt 1. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, og eignir þeirra, sem fylgir sem fylgiskjal með lögum nr. 110 19. desember 1951, um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, bera vegabréf gefin út af varnarliðinu.

2. gr.

Lögreglustjóranum á Keflavíkurflugvelli er heimilt að gefa út vegabréf svo sem hér segir:

- a. Til opinberra starfsmanna vegna starfa þeirra á varnarsvæðunum;
- b. Starfsmanna fyrirtækja og stofnana, er starfa við almenna loftferðastarfsemi og þjónustu;
- c. Til þeirra, er hafa aðra fullgilda ástæðu til þess að fara inn á eða dvelja á varnarsvæðunum að staðaldri.

3. gr.

Vegabréf skulu vera prentuð og auðkennd með orðinu: Keflavíkurflugvöllur, með mynd og eiginhandarundirskrift vegabréfshafa. Þau skulu tölusett og tilfærður gildistími, nafn vegabréfshafa, nafnúmer, fæðingardagur og ár, lögheimili, dvalarstaður, svo og nafn atvinnuveitanda.

Skylt er að sýna vegabréf þessi hvenær sem lögreglumenn krefjast.

4. gr.

Um vegabréf gilda þessar reglur:

1. Vegabréfsskylda gildir ekki í eftirfarandi tilvikum: a) Fyrir íbúa Grænáshúsa og gesti þeirra og aðra, sem eiga þangað nauðsynlegt erindi; b) Fyrir þá sem eiga erindi í lögreglustöð; c) Fyrir flugfarþega og fylgdarlið þeirra við komu eða brottför loftfara; d) Fyrir viðskiptamenn og starfsmenn fyrirtækja og stofnana í flugstöðvarbyggingu, og Veðurstofu Íslands á þjónustutíma.

2. Erlendir sendiráðsmenn, sem bera diplómatavegabréf, útgefin af utanríkisráðuneytinu, þurfa ekki vegabréf vegna ferða sinna inn á Keflavíkurflugvöll.

3. Farþegar með loftfari þurfa ekki vegabréf á leið sinni milli loftfars og flugvallarhliðs, enda hafi þeir gildar ferðaheimildir útgefnar af eiganda eða umráðamanni loftfars og umboðsmönnum þeirra.

5. gr.

Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli skal halda spjaldskrá um vegabréf, sem gefin verða út. Spjaldskráin skal geyma upplýsingar um öll þau atriði sem tilgreind eru í vegabréfi, sbr. 3. gr., svo og hverjar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar.

Hver, sem vegabréf skal bera, er skyldur til að gefa sig fram á lögreglustöðinni á Keflavíkurflugvelli til þess að fá vegabréfið afhent. Hann skal og gefa allar þær upplýsingar, sem lögreglustjóri telur nauðsynlegar við útgáfu vegabréfsins.

6. gr.

Hver sá, sem brýtur reglur þær um vegabréf, sem settar eru með reglugerð þessari, skal við fyrsta brot sæta skriflegri áminningu, enda sé ekki um stórfellt brot að ræða.

Ef brot er stórfellt eða itrekað, varðar það missi vegabréfs, sektum eða varðhaldi allt að sex mánuði, enda varði brot eigi þyngri refsingum samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 77. gr. laga um loftferðir nr. 34 frá 21. maí 1964, sbr. lög nr. 106 frá 17. desember 1954, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglugerðir nr. 128 frá 19. október 1954 og nr. 193 frá 21. desember 1959.

Utánríkisráðuneytið, 18. mars 1982.

Ólafur Jóhannesson.

Helgi Ágústsson.